



Frumathugun viðbyggingar við hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði

SAMNINGUR

VK – xxxxxxxx

2020

VERKKAUPI / VERKKAUPAR:

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ (HRN)

ÍSAFJARÐARBÆR (ÍS)

VERKSALI:

FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS (FSR)

SAMNINGUR

UM FRUMATHUGUN VEGNA Hjúkrunarheimilisins Eyri á Ísafirði

Heilbrigðisráðuneytið (HRN), Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, greiðsluhlutfall 85%, ásamt Ísafjarðarbæ Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði greiðsluhlutfall 15%, og Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR), Borgartúni 7A, 105 Reykjavík sem verksali, gera með sér svohljóðandi samning um verkaskiptingu og vinnutilhögun við frumathugun vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar 10 hjúkrunarrýma við Hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði.

1. grein

Lýsing verkefnis

Verkefnið er frumathugun fyrir fyrirhugaða **viðbyggingu 10 hjúkrunarrýma við Hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði**. Samningur um byggingu 30 rýma hjúkrunarheimilis var undirritaður í nóvember 2011. Árið 2012 var haldin lokuð samkeppni um byggingu heimilisins og skv. samkeppnislýsingu átti að gera ráð fyrir mögulegri stækkun um 10 rými.

Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að hafist verði handa við þessa stækkun og að byggt verði við núverandi húsnæði 10 hjúkrunarrými í hefðbundinni opinberri framkvæmd með samvinnu ríkis og sveitarfélagsins.

2. grein

Samningur

Með samningi þessum fela verkkaupar Framkvæmdasýsla ríkisins umsjón með frumathugun vegna framangreinds verkefnis.

3. grein

Löggjöf og markmið

Við frumathugun skal gætt laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda, laga nr. 84/2007 um opinber innkaup og reglugerðar um skipulag opinberra framkvæmda nr. 75/200. Einnig ber að vinna eftir verklagsreglum fjármálaráðuneytisins um frumathugun, sem gefnar voru út í maí 2002. Markmið samningsaðila er að hagkvæmni sé gætt í öllum framkvæmdum og að áætlanir standist.

4. grein

Samskipti

FSR skipar verkefnisstjóra vegna verkefnisins og er hann tengiliður stofnunarinnar við verkkaupa.. FSR hefur tilnefnt *Hannes Frimann Sigurðsson* sem verkefnisstjóra. Verkkaupar tilnefna sérstakan umboðsmann /umboðsmenn sem er tengiliður við FSR og hefur hann umboð til ákvarðanatöku fyrir hönd verkkaupa. Tengiliður verkkaupa HRN er *Guðrún Fanney Sigurðardóttir, sérfræðingur*.

5. grein Verkaskipting

- **Umsjón**

FSR hefur umsjón með frumathuguninni f.h. verkkaupa. Verkefninu lýkur með skýrslu og kynningu fyrir verkkaupa.

- **Samningar við ráðgjafa**

Ef samningsaðilar ákveða að ráða til verkefnisins aðra ráðgjafa, gerir FSR tillögu að þeim og hefur umsjón með samningsgerð, en verkkaupar undirrita slíka samninga.

Gert er ráð fyrir að vinningshafar úr samkeppninni munu vinna með FSR við verkefnið en í frumathugun skal velta upp mögulegri staðsetningu og valkostum.

- **Kostnaðar- og tímaáætlun**

Gera skal gera tímaáætlun fyrir verkefnið, sjá fylgiskjal A. Við upphaf vinnu við verkefnið skal gera kostnaðaráætlun, þar sem fram kemur áætlaður kostnaður við vinnu ráðgjafa og FSR við frumathugunina, sjá fylgiskjal B.

Komi til forsendubreytinga frá tímaáætlun í fylgiskjali A eftir að verkefnið er hafið t.d. vegna aukins umfangs, dráttu á upplýsingaöflun eða annarra þátta/atriða áskilur FSR sér rétt til þess að endurskoða tíma- og kostnaðaráætlunina og bera undir verkkaupa til samþykktar.

6. grein Bókhald og greiðslur

Verkkaupar sjá um bókhald fyrir verkefnið og greiða reikninga vegna þess. FSR sér um yfirferð innsendra reikninga.

7. grein Þóknun verksala

Verksali áætla að vinna hans við verkefnið taki 215 klst. í heild sbr. sundurliðun í viðauka A í samning þessum.

Þóknun miðast við vinnuframlag og tímagjald verksala samkvæmt gjaldskrá verksala 2020, sem er í fylgiskjali C við samning þennan.

Ef samningsaðilar ákveða sameiginlega að leita eftir aðstoð ráðgjafa, hefur verksali umsjón með samningsgerð og samskiptum við ráðgjafa, en verkkaupi undirrita slíka samninga og ber af þeim kostnað sem verksali staðfestir.

Verði forsendubreytingar eftir að verk er hafið geta samningsaðilar óskað eftir endurskoðun á áætlun um vinnuframlag verksala.

Virðisaukaskattur leggst ekki á tímagjaldið þar sem verksali er A-hluta stofnun.

Verksali sendir verkkaupa reikninga mánaðarlega ásamt tímaskýrslum starfsmanna sem verkkaupi fer yfir til samþykktar. Hafi athugasemdir eigi borist innan viku teljast reikningar samþykktir.

Þóknun, sem verkkaupar greiða til FSR fyrir þá þjónustu sem veitt er samkvæmt samningi þessum er tvöns konar:

- **Tímagjald**

Þóknun sem miðast við vinnuframlag og tímagjald FSR eins og það er á hverjum tíma og kemur fram í gjaldskrá stofnunarinnar í **fylgiskjali C**.

- **Útlagður kostnaður**

Greitt er fyrir útlagðan kostnað sem til fellur vegna starfa FSR við verkið, s.s. ferðakostnað, upphaldskostnað og fjölföldunarkostnað.

FSR sendir út reikninga mánaðarlega ásamt tímaskýrslum starfsmanna sem verkkaupar fara yfir til samþykktar. Hafi athugasemdir eigi borist innan tveggja vikna teljast reikningar samþykktir.

8. grein
Samningstími

Miðað er að verk sé unnið frá undirritun samnings og til 20.nóv 2020.

Dags. _____

Dags. _____

F.h. *heilbrigðisráðuneytisins*

F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins

Guðrún Fanney Sigurðardóttir

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

F.h. Ísafjarðarkaupstaðar

Birgir Gunnarsson Bæjarstjóri

**Verk og tímaáætlun vegna viðbyggingar 10 hjúkrunarrýma við
Hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði.**

Í umræddu verkefni má áætla að heildar tímafjöldinn verði eftirfarandi:

	klst
Söfnun og yfirferð gagna	7
Tengslafundir. Verkefnaræs	8
Verkfundir með stjórnendum og hönnuðum	20
Gerð forathugunar	15
Áhættugreining, Hagaðilagreining	15
Drög að frumáætlun	10
Gögnum skilað til yfirlestrar	25
Yfirferð niðurstaðna	15
Lagfæringar eftir yfirlestur LHS	10
Kostnaðaráætlunargerð	25
Frumáætlun	15
Frágangur, yfirlestur og skil	10
SOF gögn	5
Skilagrein	20
Lúkning	15
Samtals	215 klst

Ef óskað er eftir að FSR vinni önnur sérstök verkefni eins og t.d. ástandsskoðun byggingar, hagkvæmnisathugun eða aðra ófyrirséða verkþætti er innheimt samkvæmt tímagjaldi eða sérstökum samningi.

1. Starfshópur FMS annast upplýsingaöflun um starfsemi FMS og leggur FSR þær til. FSR innifelur þær í þarfagreiningu.
2. Ef óskað er eftir fleiri fundum en áætlun gerir ráð fyrir eru þeir innheimtir samkvæmt tímagjaldi eða sérstökum samningi.
3. Lágmarkstímafjöldi áætlunarinnar tekur mið af skoðun frumhönnunar LHG og þarfagreiningar LHG og Grensás og vinnu eftir þá yfirferð.

Fylgiskjal B

Tíma og kostnaðaráætlun

	Sérfr. Tímar	Sviðsstj. Tímar	Samt. Tímar
Undirbúningur	35	3	38
Forsendugreining	65	2	67
Frumáætlun og Kostnaðargreining	60	5	65
Frágangur og lok	40	5	45
	200	15	215

	Sérfr. Þ.kr.	Sviðsst.Þ.kr.	Þ.kr.
Kostnaður skv. gjaldskrá 2020	17.050	19.950	3.709.250
Tímar	200	15	3.709.250
Óvissa um tímafjölda -10%	180	14	3.338.325
Óvissa um tímafjölda +10%	220	17	4.080.175

Verði forsendubreytingar eftir að verk er hafið geta samningsaðilar óskað eftir endurskoðun á áætlun.



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

G J A L D S K R Á

Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2020

1. grein

Gjald fyrir útselda vinnu starfsmanna Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2020 er sem hér segir:

Tímagjald skrifstofufólks	9.750 kr./klst. án virðisaukaskatts
Tímagjald sérfræðinga	17.050 kr./klst. án virðisaukaskatts
Tímagjald sviðsstjóra	19.950 kr./klst. án virðisaukaskatts

Virðisaukaskattur leggst ekki á tímagjaldið þar sem FSR er A-hluta stofnun.

2. grein

Veltutengd grunnþóknun skal vera 0,4% af veltu hvernar framkvæmdar sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með.

3. grein

Gjöld vegna skilamata, skilagreina og skilablaða eru sem hér segir:

Skilamat	450.000 kr. án virðisaukaskatts
Skilagrein	250.000 kr. án virðisaukaskatts
Skilablað	100.000 kr. án virðisaukaskatts

4. grein

Gjald fyrir aðra þjónustu sem Framkvæmdasýsla ríkisins veitir er sem hér segir:

Ljósritun (svart/hvitt):	45 kr. hvert A4 blað og 90 kr. hvert A3 blað.
Litprentun:	250 kr. hvert A4 blað og 500 kr. hvert A3 blað.

Ef um mikið magn ljósritunar er að ræða er gjaldið sambærilegt við það sem ljósritunarstofur bjóða hverju sinni.

Akstur og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðunum Ferðakostnaðarnefndar um aksturskostnað ríkisstarfsmanna.

5. grein

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 22. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Reykjavík, 24. janúar 2020

f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

Ofangreind gjaldskrá staðfestist hér með af
fjármála- og efnahagsráðuneyti
f.h.r.